

Fundur - 25.febrúar 2004

Endurrit fundargerðar Umhverfis- og náttúruverndarnefndar 25. febrúar 2004.

Ár 2004 þann 25. febrúar kom Umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum kl. 14:00. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð. Sérstakur gestur fundarins var Guðlaugur Theodórsson formaður Skógræktarfélagsins Bjarkar og verktaki á Reykhólum.

- 1)** "Reykhólar, tillaga að ræktun"; skýrsla Jóns Geirs Péturssonar skógfræðings. Væntanleg er teikning að skjólbeltum og skógarlundum á Reykhólum sem unnin hefur verið af sérfræðingum Skógræktarfélags Íslands. Sækja þarf einnig um ráðgjöf og styrk til Landgræðslusjóðs og athuga með styrk við girðingar.
- 2)** "Staðardagskrá 21" í fámennum sveitarfélögum. Sveitarstjóri greindi frá því að Arnheiður Hjörleifsdóttir frá Landsskrifstofu Staðardagskrá 21 í Borganesi væri reiðubúin að koma á fund nefndarinnar á Reykhólum og kynna sérstakt verkefni fyrir fámennum sveitarfélögum í tengslum við þessa staðardagskrá. Heimsóknin samþykkt.
- 3)** Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um gámasvæði á Reykhólum (vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 17. des '03). Gerð var alvarleg athugasemd við meðferð spilliefna. Búið er að bæta úr því sem verst var og verið að vinna í öðrum úrbótum. Rætt um móttöku bílflaka og mælir nefndin með því að gengið verði til samninga við Guðlaug Theodórsson um þá móttöku. Ákveðið að kynna í fréttabréfi hreppsins ráðgjöf byggingarfulltrúa varðandi rotprær og að sveitarfélagið afli tilboða í rotprær fyrir áhugasama.
- 4)** Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 30.janúar 2004. Rætt um sorphirðu. Ekki talin þörf á að koma á almennt sorphirðu í þéttbýli í hreppnum.

Ása yfirgaf fundinn kl. 16:00.

Ása B. Stefánsdóttir (sign)

- 5)** Bréf frá Umhverfisráðuneytinu dags. 6.janúar 2004 varðandi nýleg lög og reglugerðir um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjóra og formanni nefndarinnar falið að semja drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Tómas yfirgaf fundinn kl. 16:10.

Tómas Sigurgeirsson (sign)

- 6)** Rætt um seyrulosunarstaði í hreppnum sem gert er ráð fyrir að verði þrír. Heilbrigðisfulltrúi Vestfjarða ætlar að mæta á fund nefndarinnar í vor og mun þá einnig taka út væntanlega seyrulosunarstaði.

Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:20.

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Guðlaugur Theodórsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)